



28. febrúar 2005

Alþingi,
efnahags- og viðskiptanefnd,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um skýrslu starfshóps um umfang skattsvika á Íslandi (442. mál)

Vísað er til þingskjals 664, skýrslu starfshóps um umfang skattsvika á Íslandi. Samkvæmt upplýsingum á heimasíðu Alþingis hefur málið verið sent ýmsum hagsmunaaðilum til umsagnar. SBV hafa ekki fengið slíka umsagnarbeiðni, en í ljósi umfjöllunar í skýrslunni um málefni tengd fjármálamarkaði hafa SBV ákveðið að senda nefndinni umsögn sína um skýrsluna.

Rétt er að taka fram að SBV eiga aðild að SA gegnum Samtök fjármálafyrirtækja og taka undir þau sjónarmið sem fram koma í umsögn SA varðandi meginefni skýrslunnar. Umfjöllun hér verður þannig að mestu einskorðuð við þá þætti skýrslunnar sem varða fjármálastarfsemi.

I. Aðgangur skattfyrivalda að bankaupplýsingum

Í kafla 13.4 í skýrslu starfshóps um umfang skattsvika á Íslandi er vísað til skýrslu OECD, *Improving Access to Bank Information for Tax Purposes*. Um þetta segja skýrsluhöfundar m.a.:

“Athyglisvert er í skýrslu þessari hve íslensk skattfyrivöld standa skattfyrivöldum í flestum löndum langt að baki hvað varðar möguleika á að fá og afla upplýsinga frá bönkum. Í meiri hluta aðildarríkja OECD er það svo að bankar senda skattfyrivöldum sjálfkrafa upplýsingar um bankaviðskipti einstaklinga sem fyrirtækja. Á þetta við um 20 af 30 aðildarríkjum.,,

Þessu vísa SBV alfarið á bug. Þvert á móti eru heimildir héraðs skattfyrivalda til upplýsingaöflunar og gagnkvæmra upplýsingaskipta yfir heildina ríkar eða jafn ríkar og víðast innan OECD. Hér skal vikið að helstu atriðum í fyrrgreindri skýrslu OECD sem sýnir þetta.

Bankaleynd almennt viðurkennd af OECD sem lykilþáttur í stöðugleika fjármálakerfis og því væri óeðlilegt að skattfyrivöld hefðu óheftan aðgang að upplýsingum um fjármál skattþegnanna

1) Útgangspunktur skýrslunnar er að bankaleynd sé almennt lögmæt og hún feli í sér réttlætlega vernd sem tryggir trúnað varðandi fjármál einstaklinga og lögaðila. Slík bankaleynd lúti hins vegar takmörkunum hvað varðar samskipti fjármálafyrirtækja við stjórnvöld, þ.á.m. skattfyrivöld, enda sé mikilvægt að þau hafi úrræði til að afla slíkra upplýsinga eftir því sem þörf eftirlits kallar á hverju sinni. Síðan segir orðrétt í lið 3 (bls. 7): *Governments of all OECD Member countries recognise*

the importance of permitting governmental authorities access to bank information for certain law enforcement purposes (e.g., money laundering). Governments of all OECD Member countries also provide their tax authorities, directly or indirectly, with the possibility of obtaining access to bank information for at least some tax administration purposes.

Í lið 5 (bls. 6) segir svo: *The focus of this Report is on access to bank information pursuant to a specific request made by a tax authority, directly or through a judicial or other authority, for information that may be relevant to a specific case.*

Um bankaleyndina segir svo aftur í lið 31 (bls. 19): *Because of the importance of bank secrecy to the stability of a country's banking system, access to bank information by tax authorities should not be unfettered. Lifting of bank secrecy for tax administration purposes should always be coupled with stringent safeguards to ensure that the information is used only for the purposes specified in the law.*

Engin takmörkun á Íslandi umfram OECD hvað dómsmál varðar

2) Kafli IV fjallar um “Country practices and evolutions”. Þar segir í lið 69 (bls. 33): *In general, all Member countries allow access to bank information for various non-tax civil and criminal proceedings, both for domestic and international purposes. For domestic and international criminal proceedings, all countries oblige banks in at least some instances to provide bank information* Síðan eru í sama lið talin upp 5 OECD-ríki, sem eru með ákveðnar takmarkanir á aðgangi hvað þetta varðar. Ísland er ekki þar á meðal og það því á meðal 25 OECD-ríkja þar sem skattfyrvöld eru á engan hátt takmörkuð að þessu leiti. Rétt er að taka fram að hér er ekki verið að tala um upplýsingar um skattamál, en samt sem áður er rétt að hafa þetta með í upptalningunni enda tiltekið í umræddri skýrslu til að gefa sem besta heildarsýn um slík upplýsingaskipti.

Ísland í hópi tíu OECD-ríkja sem ganga lengst í að uppfylla KYC-reglur

3) Í lið 75 (bls. 35) er fjallað um hve langt bankar eiga að ganga í að tryggja að upplýsingar um viðskiptamenn sína séu réttar. Þar er um að ræða svokallaðar “Know Your Customer reglur”, en þeim er ætlað að fyrirbyggja að bankareikningar séu misnotaðir af aðilum sem hafa óhreint mjöl í pokahorninu. Ákveðnar kröfur eru alls staðar gerðar, en OECD-ríki ganga mislangt. Fram kemur að Ísland sé í hópi 10 ríkja sem lengst ganga í kröfum til nýrra viðskiptamanna um að þeir sanni deili á sér.

Ísland í hópi meiri hluta OECD-ríkja sem veita skattfyrvöldum beinan aðgang að upplýsingum um fjármagnstekjur einstaklinga

4) Í lið 78 (bls. 36) kemur fram að 19 OECD-ríki veiti skattfyrvöldum beinan aðgang að upplýsingum um fjármagnstekjur í formi vaxta og fjármagnstekjuskatts af þeim. Á Íslandi fá skattfyrvöld þessar upplýsingar beint frá fjármálafyrirtækjum, svo Ísland er í þessum 19 ríkja hópi.

Ekki rétt að almenna reglan sé að hjá OECD-ríkjum hafi skattfyrvöld greiðan aðgang að gagnagrunnum

5) Í lið 79 (bls. 36) kemur fram að 5 OECD-ríki (Frakkland, Ungverjaland, Kórea, Noregur og Spánn) veiti skattfyrvöldum vissan aðgang að beinum miðlægum gagnagrunnum. Gagnálykta verður að öll hin OECD ríkin 25 geri það ekki. Ísland er þannig í hópi mikils meiri hluta OECD-ríkja sem veitir ekki slíkan aðgang.

Meiri hluti OECD-ríkja setur takmarkanir fyrir aðgangi skattfirvalda að upplýsingum

6) Í lið 81 (bls. 37) segir: *“Several countries can obtain bank information for tax administration purposes without limitation. Other countries need to use a special procedure to obtain bank information such as ... “ Þessi “several countries”, eða nokkur ríki, eru 10 af 30 OECD-ríkjum. Ísland er í hópi hinna 20, sem setja ákveðnar takmarkanir á aðgang skattfirvalda á grunni bankaleyndar.*

Ísland er meðal ríkja sem veita skattfyrvöldum hvað greiðastan aðgang að upplýsingum á grunni tvísköttunarsamninga

- 7) Í lið 84-95 (bls. 38-42) er fjallað um aðgang skattfirvalda að upplýsingum skv. tvísköttunarsamningum.
- Skv. lið 87 gera flest OECD-ríki, þ.á.m. Ísland, ekki kröfu um að upplýsingabeiðni þurfi að tengjast aðila sem hefur heimilisfesti í samningsríki. Þrjú ríki gera hins vegar þá kröfu og er þar erfiðara fyrir skattfyrvöld að fá slíkar upplýsingar.
 - Skv. lið 88 gera 9 af 30 ríkjum að skilyrði að skattþegn sé látinn vita ef slíkar upplýsingar eru veittar. Ísland er í hópi hinna 21 ríkjanna, þar sem skattfyrvöld geta leitað þessara upplýsinga án þess að láta skattþegn vita.
 - Skv. lið 89 heimila öll aðildarríki, nema Lúxemborg og Sviss, skipti á upplýsingum milli ríkja um bankaupplýsingar, með þó þeim takmörkunum sem gr. 26-2 í OECD Model Tax Convention gerir. Þrjú önnur ríki (Austurríki, Belgía og England) setja þó vissar viðbótar takmarkanir á slíkan aðgang. Ísland er þannig í hópi 25 aðildarríkja sem setja engar takmarkanir á skattfyrvöld í þessum efnum.
 - Í lið 93 er fjallað um upplýsingaskipti á grunni sérstakrar beiðni. Þar kemur fram að 2 ríki banni slíkt (Grikkland og Lúxemborg), önnur 4 setji þessu verulegar takmarkanir (Austurríki, Belgía, Portúgal og Sviss), 7 ríki takmarka þetta við að mögulegt sé að fá sams konar upplýsingar frá mótríkinu (Danmörk, Frakkland, Írland, Ítalía, Holland, Spánn og Ungverjaland), 7 ríki skilyrða að sams konar upplýsingar séu veittar í staðinn (Ástralía, Bandaríkin, England, Kórea, Mexíkó, Pólland og Tyrkland), 4 ríki (Finnland, Noregur, Nýja-Sjáland og Þýskaland) ganga ekki svo langt, en hafa lýst yfir að beiðnir verði metnar á grundvelli slíkrar gagnkvæmni í hverju einstöku tilfalli. Í lok þessa liðs kemur svo fram: *Iceland will respond to all treaty requests*. Þarna gengur Ísland, eitt OECD-ríkja, lengst með óheftum aðgangi annarra að slíkum upplýsingaskiptum.

Ísland í hópi ríkja sem eru aðilar að flestum sáttmálum um upplýsingaskipti varðandi fjármál

- 8) Í lið 96 (bls. 41) er fjallað um önnur tæki en tvísköttunarsamninga sem aðildarríki hafa til skipta á upplýsingum um fjármál einstaklinga og lögaðila. Þar kemur fram að 8 ríki hafi staðfest sameiginlega yfirlýsingu OECD og Evrópuráðsins sem nefnist Multilateral Convention on Mutual Assistance in Tax Matters. Ísland er eitt þessara 8 ríkja. Einnig hafa Norðurlöndin gert með sér sérstakan samning um slík gagnkvæm upplýsingaskipti. Loks er bent á að 22 aðildarríki, þ.á.m. Ísland, hafi undirritað the European Convention on Mutual Assistance in Criminal Matters.

Ísland í flokki meiri hluta OECD-ríkja sem skylda skattþegna að gefa upp erlenda bankareikninga

- 9) Í lið 99 (bls. 42-43) kemur fram að meira en helmingur OECD-ríkja skyldi skattþegna til að upplýsa skattfyrvöld um hvort þeir séu með erlenda bankareikninga og að slíkt sé oftast gert á skattframtali. Ísland er í hópi þessara meiri hluta ríkja.

Ákvæði um aðgang að upplýsingum um hlutabréfaviðskipti hérlendis í takti við önnur Evrópuríki

- 10) SBV létu fyrri hluta síðasta árs Deloitte gera fyrir sig úttekt á upplýsingaheimildum skattfirvalda í Evrópu til upplýsinga um hlutabréfaviðskipti viðskiptamanna fjármála fyrirtækja. Niðurstaðan, sem fylgir með umsögn þessari, sýnir að heimildir íslenskra stjórnvalda í þeim efnum eru í fullum takti við það sem almennt gerist annars staðar. Það er því ekki rétt sem hérlend skattfyrvöld hafa haldið fram að þau séu með miklu mun þrengri heimildir hvað þetta varðar en annars staðar. Svo virðist sem í þeim yfirlýsingum sínum hafi þau sérstaklega verið að horfa til Svíþjóðar, sem hefur verið nokkuð sér á báti í þessum efnum.

II. Skattsvik sem tengjast alþjóðlegum fjármálaviðskiptum

Í kafla, 8, Skattsvik sem tengjast alþjóðlegum fjármálaviðskiptum, eru taldar upp ólíkar aðferðir þekktar úti í heimi i tengslum við slíkt. Tekið er fram að þetta séu ekki endilega “íslensk” dæmi. Virðist reyndar við lesturinn að fyrst og fremst sé um að ræða samantekt úr sænskri skýrslu, sem vitnað er til annars staðar í skattsvikaskýrslunni. Það er þannig vafasamt í meira lagi að draga of sterkar ályktanir af þessum kafla skýrslunnar, hvað varðar stöðu mála hérlandis.

III. Umfang skattsvika á Íslandi og umfjöllun í þeim kafla um fjármálastarfsemi

Kafla 11 fjallar um umfang skattsvika á Íslandi. Þar er m.a. undirkafla sem ber yfirskriftina: Breytingar sem kunna að hafa aukið skattsvik. Í þeim kafla bls. 25, undir fyrirsögninni *Fjármagnsflutningar á milli landa*, segir m.a.:

“Eins og staðan er nú eru stjórnvöld hér á landi, a.m.k. skattyfirvöld, í verri aðstöðu en fyrir fáum árum til að fá upplýsingar um fjármagnshreyfingar milli landa og kunna að vera í verri aðstöðu en hliðstæð stjórnvöld annars staðar á Norðurlöndunum.,,

Þetta er fullyrðing sem virðist eiga sér enga stoð, enda sýnir í umfjöllun undir lið I hér að framan annað.

Í sama kafla bls 25-26, undir fyrirsögninni *Skattsníðgönguráðgjöf*, segir m.a.:

“Það virðist sem nú á dögum sé það viðtekið og þyki sjálfsagt að þessir aðilar veiti ráðgjöf sem beinlínis miðar að því að komast undan eðlilegri skattlagningu. Ýmsir aðilar í ráðgjafarstörfum og jafnvel fjármálastofnanir sérhæfa sig í að ráðleggja mönnum um hvernig vista á fé með þeim hætti að það sé utan seilingar skattyfirvalda.”... “ Það fer ekki hjá því að þessi þróun hafi haft áhrif á skattsvik, umfang þeirra og eðli.,,

Hér er augljóst að skýrsluhöfundar fara út af sporinu. Það liggur á borðinu að fjármálafyrirtæki með starfsleyfi til fjármálastarfsemi og undir eftirliti Fjármálaeftirlits, hljóta að leggja ofuráherslu á að fylgja lögum og reglum í landinu. Hafa verður í huga að fjármálafyrirtæki eiga allt sitt undir trúnaði viðskiptamanna og jákvæðu álitu út á við, en slík ímynd væri fljót að skemmast ef aðilar færu að stunda vafasamar viðskiptaaðferðir.

Neðar á sömu blaðsíðu (undir sömu fyrirsögn) segir svo:

“Fyrir skattyfirvöldum hafa verið rekin mál þar sem sýnt hefur verið fram á að hluti viðskipta með liðsinni fjármálastofnana, sem m.a. íslenskir viðskiptabankar hafa sett upp sem útibú eða dótturfyrirtæki í löndum sem bjóða upp á vafasamar vildarreglur, fer m.a. fram í því skyni að leyna upplýsingum fyrir íslenskum skattyfirvöldum...Þessi þróun er ekki bundin við Ísland, en miklu fremur að angar af útbreiddri meinsemd séu að teygja sig hingað til lands....,

Þessi orð skýrsluhöfunda lýsa mun fremur persónulegri afstöðu til þeirrar skattasamkeppni milli landa sem er í algleymi, en yfirvegaðri faglegru afstöðu á því umhverfi sem við búum við. Það er að sjálfsögðu pólitísk ákvörðun hverju sinni hvort Ísland taki virkan þátt í samkeppni ríkja um að skapa hjá sér sem hagstæðast skattalegt umhverfi til fyrirtækjarekstrar í landinu og laða að erlent fjármagn.

Hérlandis hafa stjórnvöld gefið tóninn á síðustu árum með lækkun skatthlutfalla, en hins vegar virðist Ísland vera að dragast aftur úr t.d. hvað varðar skattalega stöðu i tengslum við reglur er varða flutning fjármagns milli landa. Sem dæmi eru ríki Evrópu nú hvert af öðru að breyta reglum um meðferð söluhagnaðar af sölu hlutabréfa. Nú síðast breyttu Írar og Svíar sínum lögum í þá

veru, og fengu til þess formlegt samþykki ESB. Önnur lönd með slíkt fyrirkomulag eru Holland, Belgía og Danmörk. Þá eru Norðmenn að taka þetta upp núna.

ESB hefur viðurkennt slíka skattasamkeppni, enda er þetta spurning um samkeppnishæfni evrópsks atvinnulífs sem þarf sífellt að leggja harðar að sér til að standast hina alþjóðlegu samkeppni fyrirtækja heimsins. Meðal annars staðfesti framkvæmdastjórn ESB í september sl. breytingar Íra á skattareglum um meðferð söluhagnaðar., sbr. þessi frétt (sjá www.kpmg.ie):

Ireland has received EU approval for its new holding company regime involving a tax exemption on capital gains on disposals of significant shareholdings and such enhanced foreign tax credits on dividend income from those holdings as would make Irish taxation on the dividends unlikely in many instances. The new regime has now been activated with retrospective effect from 2 February 2004 and therefore may apply to transactions which have already been completed.

Þá má benda á að íslensk stjórnvöld hafa verið að reyna að skapa ákveðna möguleika hér, svo sem með lögum um alþjóðleg viðskiptafélög, nr. 31/1999. Þau lög falla reyndar úr gildi í lok árs 2007, skv. lagabreytingu 1. janúar 2004, þar sem ESA taldi að í þeim gæti talist felast ríkisstuðningur.

Niðurlag


Á Viðskiptaþingi Verslunarráðs Íslands, 8. febrúar sl. fór forsætisráðherra jákvæðum orðum um þróun íslensks fjármálamarkaðar og viðskiptalífs á síðustu árum. Hann sagðist m.a. eiga sér þann draum að Ísland yrði alþjóðleg fjármálamiðstöð. Það liggur í hlutarins eðli að til að slíkt geti orðið þurfa atvinnulíf og stjórnvöld að vera á tánum að tryggja að starfsumhverfið hér, bæði hvað lítur að fyrirtækjum og starfsfólki þeirra, sé með því besta sem gerist. Skattareglur og ákvæði um bankaleynd skipta þar máli.

SBV deila sannarlega þeim megináherslum sem tilgangurinn með skattaskýrslunni var, þ.e. mikilvægi þess að reynt sé að sporna við skattsvikum. Því miður virðist hins vegar sú nefnd sem vann að þessari skýrslu hafa ákveðið að stytta sér leið og í stað þess að gera raunverulega úttekt á umfangi skattsvika hérlendis er leitað í sænskra skýrslu um sama efni og niðurstöður hennar staðfærðar yfir á aðstæður hérlendis. Ljóst er að slík vinnubrögð geta varla gengið upp í svo mikilvægu máli, enda ekki um vísindalega niðurstöðu að ræða.

Meðal annars virðist skýrslan gefa í skyn að skattsvik séu að stórukast, þótt ætla megi að stórlega lækkuð skatthlutföll, sérstaklega hvað fyrirtækjarekstur varðar, hafi dregið verulega úr hvatanum til skattsvika. Á það væntanlega ekki síst við hina svokölluðu svörtu starfsemi, sem jafnvel skýrsluhöfundar eru sammála um að er og mun áfram verða umfangsmesti þátturinn í skattsvikum.

Það sem eftir stendur er hins vegar að það er ábyrgðarhluti að vinna skýrslu eins og þá sem hér er til umfjöllunar og mikilvægt að ekki sé verið með alhæfingar um einstakar atvinnugreinar eða tegund starfsemi, nema ljóst megi vera að slík orð eigi rétt á sér. Það er einnig varhugavert að blanda saman skattsvikum annars vegar, sem eru refsiverð brot og brýnt að stemma stigu við, og lögmætum rétti einstaklinga og lögaðila til að lágmarka skattbyrði sína í takti við þær reglur sem alþjóðasamfélagið býr við. Þar er miklu frekar ástæða til að sækja fram og bæta enn í þannig að Ísland verði land sem laðar að erlent fjármagn með lögmætum og samkeppnishæfum reglum.

Virðingarfyllst,



Guðjón Rúnarsson,
framkvæmdastjóri

Fylgiskjal: Samantekt Deloitte fyrir SBV

Minnisblað

Dagsetning: 19.02.2004

Móttakandi: Samtök banka og verðbréfafyrirtækja

Sendandi: Skatta- og lögfræðisvið Deloitte / Páll Jóhannesson

Efni: **Upplýsingaskylda fjármálafyrirtækja í nokkrum ríkjum**

Hér að neðan er gerð grein fyrir svörum við fyrirspurn sem send var til Deloitte í nokkrum ríkjum Evrópu varðandi upplýsingaskyldu fjármálafyrirtækja vegna viðskipta með hlutabréf. Svör hafa fengist frá Bretlandi, Frakklandi, Þýskalandi, Belgíu, Hollandi, Noregi, Svíþjóð, Danmörku, Lúxemborg og Sviss.

Bretland

Ekki er um að ræða skyldu fjármálafyrirtækja til þess að afhenda upplýsingar um viðskipti með hlutabréf ótilkvödd. Hins vegar geta skattyfirvöld sent beiðni um slíkar upplýsingar vegna innlendra aðila ef um er að ræða tekjur yfir £15. Þetta á ekki við um ef breskur banki greiðir erlendum aðila. Fram kemur í svarinu að almennt hafi tekist að takmarka umfang slíkra beiðna.

Svarið frá Bretlandi:

UK Banks and other financial companies are not required to make automatic returns of share transactions. However the Board of the Inland Revenue have powers to issue a notice to such companies specifying information required relating to securities i.e. shares and stock, transactions.

Notices can be served on stockbrokers, custodians, nominee shareholders and other intermediaries such as banks.

The information requested can include details of shareholders, beneficial ownership, income arising if over £15, (but not if paid by a bank to a non UK resident beneficial owner) and actual transactions being the parties, the shares and the values.

These notices are not issued on any regular basis. In such instances where a client has received a notice that it believes would be onerous to comply with, we have generally managed to get the Inspector to reduce the period of the notice, or scale i.e. transactions over a specified amount, or to actually specify the shares or the parties.

Other notices can be issued by an Inspector regarding bank interest credited or income deemed to be interest, which can include income from foreign dividends, collected for customers resident in the EU and certain other countries. These notices are issued annually.

I hope this is useful for your current purpose. There are other provisions to enable the Revenue to obtain information, which could encompass share transactions. Let me know if you need a more extensive analysis.

Frakkland

Samkvæmt upplýsingum frá Frakklandi virðast töluvert ítarlegar reglur um upplýsingagjöf. Að því er varðar hlutabréf þá virðist slík skylda samkvæmt upplýsingunum hins vegar vera takmörkuð við skráð hlutabréf.

Minnisblað



Svarið frá Frakklandi:

- *The annual return of security income, interest and dividend paid: form n°2561 (“IFU”)*

According to section 242 ter of the French tax code, financial institutions which paid securities income, interest or dividends (as the debtor or as the intermediary) or/and made operations on securities on behalf of their clients must report to the French tax authorities the following information:

- *identity and address of the beneficiaries ;*
- *amount paid out ;*
- *transactions made on futures market ;*
- *transfer of securities.*

In this respect, a specific form n°2561 known as the “IFU” must be filed before February 15th of the given calendar year for all payments made during the previous calendar year.

In theory and by strict application of the text, penalties equal to 80% of the amounts that should have been reported could be due. However, French tax code provides for the possibility to regularise the situation and to reduce liability to penalties under certain circumstances.

- *Return of loan agreement: form n° 2062 (« Déclaration de contrat de prêt »)*

According to section 242 ter 3° of the French tax code an individual or an entity acting as part or as intermediary in the application of a loan agreement or in the writing of the acts has to report to the French tax authorities the following information:

- *the date, the amount and conditions (duration, rate, reimbursement method and interest period) of the loan ;*
- *the identity and address of the parties.*

Such return must be done on a specific form n°2062 (“Déclaration de contrat de prêt”).

This form has to be filed before February 16th of the year following the year during which the loan has been contracted. Please note that, contrary to the IFU, this declaratory obligation applies only once, upon the opening of the current account.

In theory, non compliance with this obligation results in a tax penalty of €150. However, this penalty will in practice not apply in case of spontaneous regularisation or after the French tax authorities' first request.

- *Reporting of opening and closing account (“Déclaration d’ouverture et de clôture de compte”)*

According to section 1649 A of the French tax code, a financial company usually receiving deposit securities, stocks, bonds or cash must report to the French tax authorities all opening, closing and changes of deposit account of securities, stock, bonds or cash, current account or other.

This statement has to be set up on a magnetic band or on paper according to specimen set up by the French tax authorities. This has to be sent to FIBOCA (Centre regional informatique de Nemours, 22, avenue J.F. Kennedy 77796 Nemours Cedex) the month following the opening or closing of the accounts.

- *Statement of « Déclaration d’existence »*

According to section 982 of the French tax code, for stock exchange tax (“impôt de bourse” - hereafter IDB) a specific notification (“déclaration d’existence”) has to be sent to the French

tax authorities at the beginning of the activity.

Foreign credit institutions have to comply with this provision even though they have also a French entity (branch, sales office) in France, whereas French Stock brokers are exempt from filing this notification as this obligation is performed by the regulatory authority (“Conseil des Bourses de Valeurs”, now called “Autorité des Marchés Financiers”).

- *Statement of IDB Registry (« Répertoire »)*

Moreover, financial intermediary are supposed to fill a specific Registry (“Répertoire”) which collects all information related to the stock exchange transactions (date and amount of the operations). This Registry has to be periodically filed with the collection tax.

Þýskaland

Samkvæmt upplýsingum frá Þýskalandi geta skattyfirvöld einungis krafist upplýsinga um viðskipti með hlutabréf vegna tiltekins skattgreiðanda sem grunaður er um skattasniðgöngu.

Svarið frá Þýskalandi:

There is no such obligation for German banks. Please note that according to German rules for private persons capital gains from the alienation of shares are only taxable if these accrue within a year or if the taxpayer holds a participation of more than one percent. At present there is a bank secrecy, i.e. banks must not disclose at all information to the tax authorities and only if the authorities have a suspect of tax fraud in specific cases, they may ask banks to provide information regarding these cases only. However, they may be changes to this situation in future.

Belgía

Skattyfirvöld hafa ekki heimild til þess að skylda fjármálafyrirtæki til þess að afhenda upplýsingar um viðskipti með hlutabréf nema í þeim undantekningartilvikum þegar skoðun á skattskilum leiðir sannanlega í ljós skattasniðgöngu.

Svarið frá Belgíu:

Further to your request, please find below our general comments to your question.

In Belgium, there is no obligation for Belgian banks to report information re the purchase or sale of shares of their clients, to the Belgian tax authorities. Moreover, article 318 of the Belgian Income Tax Code explicitly stipulates that the tax authorities are not allowed to request information or to review statements, books and documents of the bank in view of taxing the bank's clients. The only exception to this rule is in case where of a tax audit reveals concrete elements of the existence (or the preparation of) a tax fraud mechanism.

Hope this is sufficient at this stage.

Holland

Hollensk skattýfirvöld hafa einungis heimild til þess að krefja fjármálafyrirtæki um upplýsingar varðandi viðskipti með hlutabréf vegna tiltekins skattgreiðanda en ekki almennt yfirlit yfir slík viðskipti án þess að tilgreina þann er við á.

Svarið frá Hollandi:

I am the FSI tax partner in the Netherlands. I received your request through one of my colleagues.

There is no such obligation in the Netherlands as regards shares. There is a similar obligation as regards interest, bonds, life annuities etc.

In the event the Dutch tax authorities would want to obtain information as regards share transactions they cannot simply require the financial institution to render such records in full. The Dutch tax authorities would have to mention for which specific tax payer they want to receive such records. The financial institution would then provide the information as regards the share transaction(s) of or with this specific tax payer.

There would be no remuneration from the tax authorities to the financial institution for supplyi

ng this information.

Please feel free to contact me if you need any further details.

Noregur

Samkvæmt norskum lögum frá 1. janúar 2003 skulu vera staðar hlutabréfaskrár sem skrá verður hlutabréf í almennum hlutafélögum en skrá má hlutabréf í einkahlutafélögum. Þessar hlutabréfaskrár veita síðan skattfyrvöldum upplýsingar um viðskipti með hlutabréf.

Svarið frá Noregi:

According to Norwegian law, "Securities Registers" (Verdipapirregistre) are obliged to report several items (which are discussed below) to the tax authorities (electronically). The law on Security Registers dated July 5 2002, which came into force on January 1, 2003, governs the Securities Registers. (The obligations mentioned below were previously carried out by one entity called the Securities Central - Verdipapirsentralen)

Such registers should be organized as corporations and must either be owned by a holding company (without any other functions than to manage its subsidiaries) or a register cannot (as a rule) be owned by more than 10% by one shareholder. Shares in Norwegian public companies (not necessarily listed companies) need to be registered by a register. Shares in private companies may be registered (optional).

Security registers are obliged to report the following:

- *each shareholder's number of shares and their value at the year end*
- *the amount of dividends declared to a shareholder each year*
- *all transactions pertaining to a shareholder during the year; that is the sales proceeds and the number of shares realised. (Prior to January 1 2004, the proceeds should not be reported automatically).*
- *"any other information which may have an impact on the taxation of the shareholder". This requirement is also effective from 1 January 2004, and further regulations will*

P

resumable be given.

Financial institutions are not obliged to report directly to the tax authorities but to the registers mentioned above. (Another thing is that a Security Register may be a part of a of the same group as a bank, ref above.)

Svíþjóð

Samkvæmt upplýsingum frá Svíþjóð hvílir sú skylda á fjármálafyrirtækjum að skila árlega inn skýrslum varðandi viðskipti með hlutabréf. Þetta á hins vegar við um einstaklinga en skattyfirvöld geta óskað sérstaklega eftir slíkum upplýsingum er varða viðskipti félaga.

Svarið frá Svíþjóð:

Also in Sweden there are regulations stipulating that banks etc are obliged to file an annual report with the tax authority listing all transactions made in shares during the year. They are also obliged to provide information about interest income and interest costs. They do, however, only have to file information regarding individuals and estates of a deceased person. The reports should be prepared by the banks etc free of charge. The tax authority also has the possibility to request certain information from the banks, e.g. provide a list of all transactions made in relation to shares in a certain company. In such a situation they may also request information regarding transactions made by companies.

I hope that this answers your questions!

Danmörk

Samkvæmt neðangreindu svari frá Danmörku hvílir sú skylda á félögum sem hafa milligöngu um kaup eða sölu á hlutabréfum að skila skýrslu um slík kaup eða sölu á skráðum hlutabréfum en slík skylda er ekki fyrir hendi að því er varðar óskráð hlutabréf.

Svarið frá Danmörku:

With reference to your email of 15 December 2003, please see below.

According to Danish tax legislation a company or person, who arrange purchase or sale of

shares for a physical person, must every year report to the tax authorities any sale of quoted shares in the previous calendar year. The report shall include information about the identity of the quoted shares, date of sale and the price.

Denmark has no reporting requirements regarding non-quoted shares or sale of shares arranged for a company. If the tax authorities wishes such information they shall ask the tax payer to deliver the information.

If we can be of any further assistance, please do not hesitate to contact us.

Sviss

Samkvæmt svari frá Sviss hvílir ekki sambærileg skylda hvílir á fjármálafyrirtækjum þar í landi. Aðgangur þar er mjög takmarkaður eins og sjá má af þessum athugasemdum.

Svarið frá Sviss:

There are no such obligations to report transactions on sale of shares to the tax authorities. There is a longstanding practice stemming from the Swiss bank secrecy's tradition that information pertaining to individuals concerning their bank accounts are to be treated confidentially.

From a Swiss individual taxpayer's perspective, the tax authorities are not going to ask directly to the bank for any information. However, the tax authorities can ask the individual taxpayer to have its bank signing an "attestation of integrality" if the tax authorities have doubt on the completeness or accuracy on the bank (s)'account (s) or portfolio reported on the individual's tax return. It is then the taxpayer's obligation to submit such attestation for signature. Failure to provide such document could have tax consequences in terms of penalties. This is therefore not a direct request to Swiss banks or Swiss financial institutions.

I would like also to underline that Swiss banks and Swiss financial institutions are Swiss security dealers subject to Swiss transfer stamp tax obligations. As such, all transactions are reported in a Stamp tax trade register which is available to

the Swiss tax authorities upon request or in case of a tax audit.

The names of the clients are usually kept confidential since the duty to levy the transfer stamp tax is not based on the names but on the qualification of the transactions itself.

In summary, we do not have the same situation as described in your e-mail.

Lúxemborg

Upplýsingarnar frá Lúxemborg bera með sér að þar í landi er ekki um slíkan almennan aðgang að ræða nema refsímál sé í gangi þó að sérstakar reglur gildi um ákveðin hlutabréf vegna skilyrða fyrir því að tekjur séu undanþegnar skattlagningu.

Svarið frá Lúxemborg:

Banks and other financial institutions have to file special enclosures regarding participations covered by parent-subsidiary legislation to ensure that the conditions regarding tax exempt income, non deductible expenses or recaptures are correctly handled. For participations/shares accounted for at historical purchase price the taxable entity has to indicate amount and market value at year end for purposes of calculating net worth tax, thus tax authorities may see net movements of number of such shares held.

Otherwise several enclosures that banks also established for the regulatory authority (summary of portfolio at year end showing valuations applied, write-offs also) are added to the tax return in so far as bank secrecy allows it and insofar as necessary for tax authorities for assessing the bank or other financial institutions.

Tax authorities could ask a bank to disclose those transactions on shares made for its own benefit, f.ex to check whether arm's length price was applied, but may not receive information regarding transactions made on clients' behalf unless specific penal procedures exist in connection with a specific client and upon decision by judicial authorities.

If information, allowed to be disclosed by bank secrecy law, is asked by tax authorities and if the bank does not give the information, the tax authorities

may based on assumptions regarding missing information estimate income that will lead to higher tax due.

Niðurlag

Gert er ráð fyrir því í lögum um tekjuskatt og eignarskatt að bankar, sparisjóðir og aðrir sem annast viðskipti með hlutabréf afhendi skattyfirvöldum ótilkvaddir skýrslu um viðskipti með hlutabréf ókeypis og í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður. Eins og sjá má hér að framan er upplýsingaskylda umræddra aðila varðandi viðskipti með hlutabréf hvergi jafn víðtæk í nágrannalöndum okkar í Evrópu. Reglur um slíkt í Svíþjóð virðast samkvæmt því sem að ofan greinir komast næst þeirri upplýsingaskyldu sem hvílir hér á landi á umræddum aðilum en slík skylda er þó takmörkuð við upplýsingar um viðskipti einstaklinga. Almennt er hins vegar ekki til staðar skylda til að afhenda slík gögn án sérstakrar beiðni en reglur í Danmörku kveða á um slíka skyldu að því er varðar skráð hlutabréf. Með því eru gerðar raunhæfari kröfur enda er augljóslega einfaldara að veita upplýsingar um viðskipti með slík hlutabréf.